

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. október 2020

**Mál nr. E-1081/2020:**

**Kristján Viðar Júlíusson**

*(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)*

**gegn**

**íslenska ríkinu**

*(Andri Árnason lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 5. október sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Kristjáni Viðari Júlíússyni, Kleppsvegi 70, Reykjavík, á hendur íslenska ríkinu, með stefnu birtri 10. febrúar 2020.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 1.654.854.720 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. september 2019 til greiðsludags, allt að frádreginni innágreiðslu stefnda til stefnanda að fjárhæð 204.000.000 króna miðað við 29. janúar 2020. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda en til vara er þess krafist að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda en til vara að málskostnaður falli niður.

I

1

Upphaf málsins er að rekja til þess að stefnandi var hinn 23. desember 1975 færður til yfirheyrslu í Síðumúlafangelsinu frá Litla-Hrauni, þar sem hann var í afplánun. Var þetta vegna hugsanlegrar aðkomu að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Neitaði hann þá vitneskju um málið. Var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald. Í næstu skýrslutökum 28. desember 1975 lýsti hann átökum í íbúð að Hamarsgötu 11 um helgi seinast í janúar 1974. Kvaðst hann hafa verið í för með tveimur nafngreindum mönnum og þriðja aðila sem hann mundi ekki hver var. Lýsti hann átökum í íbúðinni en vissi ekki hvernig þeim lyktaði. Kvað stefnandi að átökunum loknum hefði verið farið í bílferð og er komið var að Hamarsbraut 11 á ný hafi tveir þeirra sett „eitthvað þungt í farangursgeymsluna [...]“. Í næstu skýrslutöku 3. janúar 1976 kvaðst stefnandi „muna nánar ýmis atriði málsins“ að því er varðar ætluð átök og fyrir sakadómi 11. janúar 1976 skýrði stefnandi

sjálfstætt frá málsatvikum og staðfesti réttan framburð sinn hinn 3. jan. s.m. Í næstu skýrslutökum skýrði stefnandi nánar frá atburðarásinni og staðfesti framburði sína fyrir dómi á árunum 1976 og 1977. Á dómþingi 27. september 1977 dró stefnandi til baka framburði sína. Um afturkallanir þessar sagði í dómi Hæstaréttar: „Játningar hinna ákærðu komu fram í skýrslum þeirra í janúar 1976 og voru endurteknar síðar bæði fyrir rannsóknarlögreglu og á dómþingum að viðstöddum verjendum þeirra [stefnanda] og [Y]. Breyttu þeir ákærðu [X] og [Y] eigi þessum játningum fyrr en í lok mars 1977 [...] Ákærði [stefnandi] hélt fast við játningu sína, þegar hann var samprófaður við ákærða [X] og ákærða [Y] 29. og 30. mars 1977, og hvarf eigi frá henni fyrr en 27. september s.á.“

## 2

Hinn 23. jan. 1976 var stefnandi fyrst yfirheyrður vegna gruns um að hann væri viðriðinn hvarf Geirfinns Einarssonar í Keflavík 19. nóv. 1974. Stefnandi kvað sig hvorki viðriðinn hvarfið né vita um það. Við yfirheyrsluna kom þó fram að stefnandi taldi að hann hefði einhvern tíma að kvöldlagi verið í Keflavík ásamt hópi manna niður við sjó og nafngreindi hann m.a. tiltekna aðila. Stefnandi var næst yfirheyrður vegna málsins 27. jan. s.á. Kvaðst hann þá muna betur eftir málsatvikum, m.a. um eigin þátttöku í sjóferð, auk annarra nafngreindra aðila og manns sem hann taldi hafa verið Geirfinn, út að bauju sem áfengi hafi verið bundið við. Komið hafi til átaka í bátnum milli Geirfinns og nafngreindra aðila. Kvaðst stefnandi hafa blandað sér í átökin til varnar Geirfinni. Til átaka hafi komið en er í land var komið hafi varningurinn úr sjóferðinni verið settur inn í sendibifreið „og man [stefnandi] ekki betur en Geirfinnur, sem var innpakkaður í plast, hafi farið sömu leið“. Í yfirheyrslu 2. mars s.á. dró stefnandi fyrri framburði sína til baka. Hafi hann farið með rangt mál og hvorki farið í ferð til Keflavíkur né orðið vitni að átökum tengdum hvarfi Geirfinns. Viku síðar, eða 9. mars s.á., kvaðst hann þó að nýju kannast við ferð til Keflavíkur umrætt kvöld ásamt hópi manna. Stefnandi bar síðan um ferð til Keflavíkur og atburði þar, fyrir dómi 1., 8. og 28. apríl 1976. Hinn 6. júlí 1977 dró stefnandi yfirlýsingar og fram komnar upplýsingar um aðild að hvarfinu til baka.

## 3

Meðan á rannsókn á mannsláti í Keflavík stóð, eða frá lokum janúar 1976 að telja, bar stefnandi sakir á fjóra menn, sem áttu að hafa tekið þátt í atburðum þar. Vegna framburðarins sættu fjórmeningarnir gæsluvarðahaldi frá 26. jan. og 11. feb. 1976, til 9. maí s.á. Stefnandi var fundinn sekur um rangar sakargiftir, sbr. 1. mgr. 148. gr. alm. hgl., en fram kemur í dómi Hæstaréttar, að framburður stefnanda o.fl. hafi leitt til þess að þeir menn er bornir voru sökum sættu alllangri gæsluvarðhaldsvist.

Með dómi Hæstaréttar frá 22. febrúar 1980 í máli nr. 214/1978 var stefnandi sakfelldur fyrir tvö manndráp af gáleysi, sbr. 218. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og rangar sakargiftir, sbr. 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga. Var hann dæmdur fyrir að hafa, ásamt öðrum, orðið Guðmundi Einarssyni að bana að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði hinn 27. janúar 1974. Einnig var hann dæmdur fyrir að hafa, ásamt öðrum, aðfaranótt 20. nóvember 1974 orðið Geirfinni Einarssyni að bana í Dráttarbrautinni í Keflavík. Þá var stefnandi dæmdur fyrir að hafa á árinu 1976, ásamt öðrum, gerst sekur um rangar sakargiftir með því að bera á fjóra nafngreinda menn, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar. Var hann jafnframt dæmdur fyrir þjófnaðarbrot. Stefnandi var dæmdur í 16 ára óskilorðsbundið fangelsi.

Stefnandi kveður að vegna rannsóknar málanna hafi hann sætt gæsluvarðhaldi í samtals 1522 daga, frá 23. desember 1975 og þar til dómur féll í Hæstarétti hinn 22. febrúar 1980. Hann hafi sætt óslitinni einangrunarvist í Síðumúlafangelsi frá 23. desember 1975 til 1. desember 1976. Þann dag hafi hann verið fluttur í Hegningarhúsið þar sem hann hafi verið vistaður í einangrun til 17. maí 1977, en þá hafi hann verið fluttur á Litla-Hraun og einangrunarvist hans þar með verið aflétt tímabundið. Stefnandi hafi aftur verið fluttur í Hegningarhúsið 5. júlí 1977 þar sem hann hafi verið vistaður til 12. júlí 1977. Þann dag hafi hann verið fluttur í einangrunarvist í Síðumúlafangelsinu sem hafi ekki verið aflétt fyrr en með ákvörðun sakadómara 21. desember 1977 þegar hann tilkynnti um það bréfleiðis til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að rétt væri að verða við ósk verjenda um afléttingu einangrunar. Stefnandi hafi verið fluttur úr Síðumúlafangelsinu á vinnuhælið að Litla-Hrauni 23. desember 1977. Samanlagt hafi stefnandi verið í einangrunarvist í 682 daga, eða í eitt ár, tíu mánuði og 17 daga, þar af 508 daga í fangelsinu við Síðumúla. Í kjölfar dóms Hæstaréttar hafi stefnandi hafið afplánun. Hafi honum verið veitt reynslulausn 30. júní 1983, skilorðsbundið í fjögur ár.

Með bréfi, dags. 25. ágúst 2015, beindi endurupptökunefnd því til ríkissaksóknara að taka afstöðu til þess hvort grundvöllur væri fyrir því að mál stefnanda kæmi til skoðunar fyrir nefndinni. Með bréfi, dags. 17. des. 2015, óskaði settur ríkissaksóknari, Davíð Þór Björgvinsson, eftir því, til hagsbóta fyrir stefnanda, að hæstaréttarmálið nr. 214/1978 yrði endurupptekið. Með úrskurði nr. 15/2015 féllst nefndin á endurupptöku hvað varðar sakfellingu fyrir tvö brot gegn 218. og 215. gr. alm. hgl. Beiðni um endurupptöku hvað varðar sakfellingu fyrir brot á 1. mgr. 148 gr. alm. hgl., rangar sakargiftir, var hins vegar hafnað.

Hinn 27. september 2017, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 521/2017, var stefnandi sýknaður af kröfum af þeim sökum sem enduruppteknar höfðu verið. Í málinu var hins vegar ekki tekin afstaða til efnisatriða málsins, svo sem nánar er gerð grein fyrir hér á eftir.

Samkvæmt lögum nr. 128/2019 um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017 greiddi stefndi stefnanda hinn 29. janúar 2020 bætur að fjárhæð 204.000.000 kr. Þá voru greiddar 10.200.000 kr. vegna lögmannsþóknunar.

## II

Stefnandi kveður kröfu sína vera tvíþætta; annars vegar miskabótakröfu að fjárhæð 1.629.323.810 kr. fyrir brot gegn friði, persónu og æru hans. Hins vegar kröfu að fjárhæð 25.530.910 kr. vegna þess fjártjóns sem hann hafi orðið fyrir við það að möguleikar hans til tekjuöflunar ónýttust.

Kröfur stefnanda, hvað varðar stjórnskipulegan grundvöll, styðjast aðallega við 5. mgr. 67. gr., 68. gr. og 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, en til vara við stjórnskipulegar meginreglur sama efnis sem giltu fyrir gildistöku laga nr. 97/1995; en hvað varðar grundvöll almennra laga, aðallega við 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, meginreglur skaðabótaréttar, þar á meðal sakarregluna, og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993; en til vara við forvera þessara ákvæða í eldri lögum, þ.e. 150.-155. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá sé vísað til laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 3. og 5. gr. þeirra laga, sem og 3. gr. samningsviðauka nr. 7, og þeirra grunnreglna sem þessi ákvæði séu reist á. Loks sé vísað til 14. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi, sem íslenska ríkið er þjóðréttarlega skuldbundið af, sbr. lög nr. 10/1979.

Stefnandi kveður að frá bótakröfu dragist greiðsla ríkisins 29. janúar 2020 að fjárhæð 204.000.000 kr. miðað við stöðu kröfunnar þann dag.

### *Miskabætur vegna gæsluvarðhalds og afplánunar*

Stefnandi byggir á því að hann hafi aðeins verið tvítugur að aldri þegar hann hafi verið færður til yfirheyrslu í Síðmúlafangelsi 23. desember 1975. Frá þeim degi hafi stefnandi sætt gæsluvarðhaldi í samtals 1522 daga vegna rannsókna á hinum svokölluðu Guðmundar- og Geirfinnsmálum, og setið samanlagt í einangrunarvist í 682 daga. Í kjölfar dóms Hæstaréttar, 22. febrúar 1980, hafi stefnandi hafið afplánun sem staðið hafi

yfir þar til honum var veitt reynslulausn 30. júní 1983. Samanlagt hafi frelsissvipting stefnanda því verið í 2710 daga.

Í gæsluvarðhaldsvistinni hafi stefnandi upplifað pyndingar og vanvirðandi meðferð sem hafi haft gífurleg áhrif á allt hans líf. Gæsluvarðhaldsvistin og stanslausar yfirheyrslur hafi verið afar þungbærar. Stefnandi hafi sætt bæði andlegum og líkamlegum pyndingum á meðan á gæsluvarðhaldsvist hans hafi staðið. Hafi stefnandi gert tvær sjálfsvígstílaunir eftir að hann var færður í Hegningarhúsið. Hafi stefnandi ekki getað tekist á við yfirheyrslurnar og einangrunina og játaði hann aðild sína að málunum einfaldlega til þess að losna undan þeim þrýstingi sem á honum hafi hvílt. Augljóst sé að mikið hljóti að þurfa til svo rúmlega tvítugur einstaklingur grípi til þess að reyna að fyrirfara sér, og játa svo á sig tvö manndráp, til þess eins að losna undan yfirheyrslum lögreglu og einangrunarvist.

Við mat á fjárhæð bóta verði að hafa það í huga að með engu móti sé hægt að meta tjón stefnanda með fullnægjandi hætti, enda vart hægt að setja verðmiða á það hvers virði mannlíf séu. Atburðarásin hafi hafist 23. desember 1975 og henni lokið með sýknudómi Hæstaréttar frá 27. september 2018. Stefnandi hafi því verið talinn sekur að ósekju í rúmlega fjóra áratugi.

Varðandi fjárhæð bóta telur stefnandi að hafa beri hliðsjón af þeim bótum sem dæmdar hafi verið í dómum Hæstaréttar í málunum nr. 124/1980, 125/1980, 126/1980 og 127/1980. Séu þær bætur reiknaðar til núvirðis þá sé krafa stefnanda 551.411 krónur í miskabætur fyrir hvern dag sem afplánun og gæsluvarðhaldsvist stefnanda hafi staðið yfir, eða samtals 1.494.323.810 krónur. (551.411 x 2710).

Til vara megi líta til nýlegs dóms Landsréttar í máli nr. 589/2018, þar sem lagt hafi verið til grundvallar að bætur vegna frelsissviptingar að ósekju skyldu miðast við 200.000 kr. á dag, sjá og til hliðsjónar dóma Hæstaréttar í málum nr. 345/2016 og 818/2013 þar sem ekki ósvipaðar fjárhæðir hafa verið lagðar til grundvallar. Engin efni séu til að skerða fjárhæð bóta vegna mikils fjölda daga í þessu máli. Þvert á móti eigi sá gríðarlegi dagafjöldi að leiða til hækkunar bótaréttar á dag. Sé nærtækt í því efni að beita 50% álagi á dag, sbr. til hliðsjónar 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga.

#### *Miskabætur vegna sakfellingar*

Með dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980, í máli nr. 214/1978, hafi stefnandi verið sakfelldur fyrir tvö manndráp af gáleysi, sbr. 218. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, rangar sakargiftir, sbr. 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga, og þjófnaðarbrot. Mál stefnanda hafi síðar verið endurupptekið og með dómi Hæstaréttar 27. september 2018, í máli nr. 521/2017, hafi stefnandi verið sýknaður af 1. lið I. kafla ákæru 8. desember 1976 og I. kafla ákæru 16. mars 1977 hvað varðar alvarlegustu

sakargiftirnar. Það liggja því fyrir að stefnandi hafi saklaus hlotið dóm í alvarlegu sakamáli og hafi þolað refsingu af þeim sökum.

Þá verði að horfa til þess að stefnandi hafi verið talinn sekur að ósekju í um 40 ár, og megi til sanns vegar færa að fáir, ef einhverjir, aðrir en meðdæmdu í þessu máli, hafa verið jafn illa leiknir af íslensku réttarkerfi. Í þessu samhengi verði að hafa í huga þá vernd sem á að vera tryggð með 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og banni 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar við beitingu pyndinga eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Loks beri að horfa til 3. gr. samningsviðauka nr. 7 við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en í þeirri grein segir að hafi maður verið fundinn sekur um afbrot í lokadómi en síðar verið sýknaður eða náðaður vegna þess að ný eða nýupplýst staðreynd sýni ótvírætt að réttarspjöll hafa orðið, skuli sá sem hafi þolað refsingu vegna slíkrar sakfellingar fá bætur samkvæmt lögum eða réttarvenjum viðkomandi ríkis, nema sannað sé að honum sjálfum hafi að öllu eða nokkru leyti verið um að kenna að hin óþekktu staðreynd var ekki látin upp í tíma.

Með vísan til þessa sé einnig og sjálfstætt krafist miskabóta vegna sakfellingar stefnanda að ósekju og þeirra réttarspjalla sem hafi orðið með dómi Hæstaréttar í máli nr. 241/1978, en síðar komu í ljós. Stefndi ber hlutlæga bótaábyrgð vegna þessa, sbr. 4. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 og áður rakin ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu framferði ríkisvaldsins hafi auk annars falist ólögmet meingerð, sbr. nógildandi 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 (sbr. og þágildandi 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940). Þá sé einnig fyrir að fara bótaskyldu samkvæmt hinni almennu skaðabótareglu. Með hliðsjón af alvarleika þeirra brota sem stefnandi hafi verið sakfelldur fyrir, þess að hann hefur verið, vegna athafna stefnda, talinn sekur maður að ósekju um 2/3 hluta ævi sinnar, sem og vegna þeirra réttarspjalla sem hafi orðið og bitnuðu á stefnanda, sé krafa hans um miskabætur sjálfstætt vegna þessa 50.000.000 króna.

#### *Miskabætur vegna ólögmetra rannsóknaraðferða og galla á málsmeðferð*

Stefnandi byggir á því að við rannsókn lögreglu hafi verið beitt ólögmetum rannsóknaraðgerðum og að fjölmargir gallar hafi verið á allri málsmeðferðinni. Með því hafi verið brotið gegn meginreglum réttarfars um réttláta málsmeðferð, sem bæði hafi verið í gildi á þeim tíma sem rannsókn fór fram og gilda enn, og þeim réttindum sem stefnandi átti að njóta sem sakaður maður.

Í dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980 í máli nr. 214/1978 sé að nokkru leyti fallist á að brotið hafi verið gegn rétti sakborninga til aðgengis að réttargæslumanni og verjanda og öðrum málsmeðferðar- og réttarfarsreglum sem ætlað var að tryggja réttarstöðu sakborninga, en í forsendum Hæstaréttar segir m.a.: „Í fáein skipti verður eigi séð, að þess hafi verið gætt að benda sökuðum manni, sem yfirheyrður var fyrir

rannsóknarlögreglu, á ákvæði 1. málsgr. 40. gr. laga nr. 74/1974, og við hefur borið, að yfirheyrsla hafi staðið samfelld lengur en 6 klukkustundir, sbr. 3. málsgr. 40. gr. sömu laga. Stöku sinnum bera bókanir ekki með sér, að reynt hafi verið að kveðja til réttargæslumenn eða verjendur við yfirheyrslu, þar sem slíkt hefði verið rétt.“

Eins og sjá megi á úrskurði endurupptökunefndar hafi brot á málsmeðferðarreglum við rannsókn málanna verið mun víðtækari en framangreindar forsendur Hæstaréttar benda til (sjá einkum kafla V.5.2.d., *Rannsóknar- og yfirheyrsluaðferðir*). Þá sé í 18. kafla skýrslu starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál fjallað almennt um rannsókn lögreglu í tengslum við málin. Í þeim kafla komi fram ýmsar athugasemdir við rannsóknina, og sé þar að finna upptalningu á dæmum um veikleika á rannsókn lögreglu. Í kafla 18.1.3 sé fjallað um rannsóknaraðferðir á hendur stefnanda. Eins og sést á því sem þar komi fram þá voru framin margháttað og ítrekuð brot gegn stefnanda. Ber þar sérstaklega að nefna óbókuð samtöl í aðdraganda þess að bókað sé um yfirheyrslur. Sem dæmi megi nefna skráningu í fangelsisdagbók um að stefnandi hafi verið yfirheyrður 28. desember 1975 kl. 17:55-19:15, en engar upplýsingar sé að finna um yfirheyrsluna. Því næst sé bókað um framburðarskýrslu, sem sé sögð tekin þann sama dag kl. 19:45-01.42. Sé þar að finna gjörbreyttan framburð frá þeim sem stefnandi hafði gefið í fyrstu yfirheyrslunni 23. desember. Þá komi fram í úrskurði endurupptökunefndar að allir sem vettlingi gátu valdið hafi verið virkjaðir til að ná upplýsingum upp úr sakborningum, m.a. stefnanda, með óformlegum yfirheyrslum, viðtölum, vettvangsferðum o.fl. Engu máli virðist hafa skipt hver hafi verið í hlutverki rannsakanda, en það hafi verið m.a. lögreglumenn, fangaverðir, vestur-þýskur rannsóknarlögreglumaður á eftirlaunum og sálfræðinemar. Þá hafi aðgengi stefnanda að réttargæslumönnum og verjendum verið verulega skert, og lengst af hafi stefnanda og öðrum sakborningum verið meinað að ræða einslega við verjendur sína.

Byggir stefnandi á því að ólögmætar rannsóknaraðferðir lögreglu og brot gegn málsmeðferðar- og réttarfarsreglum hafi falið í sér ólögmæta meingerð gegn stefnanda og að stefndi bera bótaábyrgð vegna þess. Stefnandi krefst miskabóta úr hendi stefnda að fjárhæð 30.000.000 króna vegna framangreindrar misgerðar.

#### *Miskabætur vegna yfirlýsinga á blaðamannafundi 2. febrúar 1977*

Stefnandi byggir á því að 2. febrúar 1977 hafi verið haldinn blaðamannafundur hjá Sakadómi Reykjavíkur. Þar hafi því verið slegið föstu af hálfu handhafa ríkisvalds og aðila sem fyrir tilstuðlan ríkisins hafi verið fenginn erlendis frá að málinu, þ.e. Karls Schütz, þýskur rannsóknarlögreglumann, að málið væri „upplýst“ og að stefnandi væri einn gerenda í málinu. Á þessum tímamarki höfðu ákærur í málunum enn ekki verið gefnar út, og var fjarri því að fallið hefði dómur um málin. Eðli máls samkvæmt hafi

mikið og ítarlega verið fjallað um þetta í fjölmiðlum á þessum tíma með tilheyrandi afleiðingum fyrir stefnanda. Í kjölfarið hafi svo Ólafur Jóhannesson, þáverandi dómsmálaráðherra, lýst því yfir í fjölmiðlum að „martröð [væri] létt af þjóðinni“.

Allar þessar yfirlýsingar hafi algerlega verið ótímabærar og verulega meiðandi. Þá hafi með þeim verið brotið gegn meginreglum réttarfars um að menn skulu teljast saklausir uns sekt sé sönnuð með dómi. Ber stefndi bótaábyrgð samkvæmt hinni almennu skaðabótareglu, auk þess sem í þessu framferði hafi falist ólögmæt meingerð, sbr. núgildandi 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi krefst því sjálfstætt miskabóta úr hendi stefnda að fjárhæð 30.000.000 króna vegna þeirrar misgerðar sem í framangreindu fólst.

#### *Miskabætur fyrir tímabil reynslulausnar*

Þá krefst stefnandi miskabóta fyrir það tímabil er hann sætti skilyrðum reynslulausnar. Afplánun stefnanda hafa staðið til 30. júní 1983, en þá hafi honum verið veitt reynslulausn á eftirstöðvum þriggja dóma, þar á meðal dómi Hæstaréttar nr. 241/1978, og hafi sú reynslulausn verið skilorðsbundin í fjögur ár. Þó að skilorðsbundin reynslulausn sé ekki jafn íþyngjandi og sú frelsissvipting sem felst í gæsluvarðhaldi og fangelsisvist þá sé engu að síður um að ræða tímabil þar sem einstaklingur sé ekki fyllilega frjálst. Í því samhengi verði m.a. að líta til 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, en samkvæmt ákvæðinu skuli maður sem hafi verið sviptur frelsi að ósekju eiga rétt til skaðabóta. Ber stefndi bótaábyrgð samkvæmt hinni almennu skaðabótareglu, auk þess sem í þessu framferði fólst ólögmæt meingerð, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Krafa stefnanda um miskabætur vegna þessa tímabils nemur 25.000.000 króna.

#### *Lækkun bóta á grundvelli sjónarmiða um að eigin sök geti ekki komið til álita*

Stefnandi telur að ekki geti komið til álita að lækka bætur til hans vegna sjónarmiða um eigin sök eða tengdra sjónarmiða, sbr. t.d. 2. másl. 2. og 2. másl. 4. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, eða á grundvelli eldri lagaákvæða er að slíku lýtur, m.a. af þeirri ástæðu að ólögmætar rannsóknaraðferðir, galli á málsmeðferð, langvarandi einangrun, ólögmæt frelsissvipting, pyndingar, önnur vanvirðandi meðferð og óforsvaranlegar aðstæður í Síðumúla hafi orðið til þess að hann játaði framan af ranglega á sig sök í málinu. Frá þeirri játningu hvarf hann síðar þegar aðstæður allar voru eðlilegri en var engu að síður ranglega dæmdur.

#### *Samandregið*

Með vísan til alls framangreinds er krafa stefnanda um miskabætur samtals 1.629.323.810 krónur (1.494.323.810 + 50.000.000 + 30.000.000 + 30.000.000 + 25.000.000).

### *Krafa um skaðabætur vegna tekjumissis*

Stefnandi krefst fébóta vegna þess fjárhagstjóns sem hann hefur orðið fyrir við það að möguleikar hans til tekjuöflunar hafi ónýst vegna ólögmætrar frelsissviptingar í fjölmörg ár. Fyrir liggi að á meðan á varðhaldi og afplánun hafi staðið hafði stefnandi ekki kost á því að stunda vinnu og afla sér þannig tekna. Þar sem langt sé um liðið sé sönnun á fjárhæð tjóns vandkvæðum bundin. Hins vegar sé ótækt að láta stefnanda bera hallann af því.

Í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé að finna lágmarksviðmið fyrir árslaun til ákvörðunar bóta vegna varanlegrar örorku. Fyrir þá sem eru 66 ára og yngri skal miða lágmarkslaun við 1.200.000 kr., og taki sú fjárhæð breytingum í hlutfalli við breytingar á lánskjaravísitölu. Miðað við ágúst 2019 nemur fjárhæð árslauna að lágmarki 3.391.500 kr., eða 9.421 kr. ef henni er deilt niður á daga ársins. Hér verður tekið mið af framangreindum viðmiðum, þ.e. miðað við að bætur nemi 9.421 kr. fyrir hvern dag sem stefnandi sætti frelsissviptingu, í ljósi þess að á meðan á hinni óréttmætu frelsissviptingu stóð voru möguleikar stefnanda til tekjuöflunar engir.

Með vísan til framangreinds nemur bótakrafa stefnanda vegna fjárhagstjóns 25.530.910 kr. (2710 x 9421). Ber stefndi hlutlæga ábyrgð á fjártjóni stefnanda, sbr. 246. gr. laga nr. 88/2008.

### *Lagagrundvöllur, lagaskil og fyrning*

Eins og greinir hér að framan byggjast kröfur stefnanda um miska- og skaðabætur fyrst og fremst á bótareglum XXXIX. kafla laga nr. 88/2008. Með dómi Hæstaréttar nr. 521/2017, sem kveðinn hafi verið upp 27. september 2018, hafi stefnandi verið sýknaður af alvarlegustu sakargiftunum sem hann hafði verið sakfelldur fyrir með dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980 í máli nr. 214/1978. Fram að þeim tíma hafði dómur Hæstaréttar í máli nr. 214/1978 réttaráhrif að öllu leyti efni sínu samkvæmt. Stefnandi átti því fyrst kost á að bera fram þær kröfur sem sakarefni þessa máls lýtur að í kjölfar uppkvaðningar á dómi Hæstaréttar nr. 521/2017. Þau atvik sem mál þetta varðar áttu sér þannig stað eftir gildistöku laga nr. 88/2008, sbr. VI. bráðabirgðaákvæði laganna, og fyrirmæli XXXIX. kafla laganna um skaðabætur eiga við um atvik þessa máls.

Stefnandi tekur fram að ef talið verður að einhverjar kröfur, eða hluti krafna, stefnanda verði ekki byggðar á hinum hlutlægu bótaábyrgðarreglum XXXIX. kafla laga nr. 88/2008, byggir hann á því að bótaábyrgð stefnda grundvallist á eldri lagaákvæðum um sama efni, sem og sakarreglunni og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og forvera þess ákvæðis.

Þá telur stefnandi að uppkvaðning dóms Hæstaréttar nr. 521/2017, hinn 27. september 2018, marki upphaf fyrningarfrests allra bótakrafna stefnanda. Eigi það við um allar bótakröfur stefnanda, óháð lagagrundvelli þeirra, enda hafi stefnandi engan kost

átt á því að bera fram neina kröfu sína fyrr en á því tímamarki, sbr. nú 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Þá sé ljóst að sáttaumleitan stefnda gagnvart stefnanda frá 18. janúar 2019 að telja, sem og greiðsla ríkisins á bótum til stefnanda 29. janúar 2020, sleit hvað sem öðru líður fyrningu, enda hafi í þessu atferli falist viðurkenning á bótarétti stefnanda, sbr. 14. gr. laga nr. 150/2007 og forvera þess ákvæðis í 6. gr. eldri laga um sama efni nr. 14/1905. Hafi þá hafist nýr fyrningarfrestur, sbr. 20. gr. núgildandi laga. Að fyrningu sé vikið hér þar eð stefndi hefur byggt á henni í öðru dómsmáli sem rekið er um sömu atvik.

### III

Stefndi hafnar málatilbúnaði stefnanda og krefst sýknu af öllum kröfum hans. Helstu málsástæður stefnda eru eftirfarandi.

#### *Lagaskilin*

Samkvæmt lögum nr. 88/2008, ákvæði til bráðabirgða VI, 2. mgr., gildi fyrirmæli XXXIX. kafla laganna um skaðabætur „vegna atvika“ sem gerast eftir gildistöku laganna. Jafnframt sé kveðið á um að reglum eldri laga skuli beitt um bætur „fyrir það sem gerst hefur fyrir þann tíma“. Stefndi sé í málinu að krefjast bóta vegna atvika sem áttu sér stað í gildistíð laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, þ.e. vegna meintrar óheimillar frelsissviptingar, óheimilla rannsóknaraðgerða o.fl. Verði því að líta þannig á að um rétt stefnanda til bóta, sem slíkan, fari eftir fyrirmælum laga nr. 74/1974.

Í lögum nr. 74/1974 hafi verið kveðið á um bætur til handa sökuðum mönnum o.fl. í XVIII. kafla. Í 153. gr. hafi verið kveðið á um að hefði saklaus maður hlotið refsisdóm og þolað refsingu bæri að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þ. á m. fyrir stöðu- og atvinnumissi, jafnvel þó að hann hefði valdið þeim aðgerðum, sem hann reisti kröfu sína á, með vísvitandi eða stórvægilega gáleysislegu framferði, en lækka mætti þó bætur eftir sök aðila á því að hann var ranglega dæmdur. Í 152. gr. hafi verið kveðið á um bætur fyrir gæsluvarðhald, en um það hafi farið, eins og hér stóð á, eftir 150. gr., sbr. 2. mgr. 152. gr. Í 150. gr. hafi m.a. verið kveðið á um að kröfu um bætur skyldi því aðeins taka til greina, að sökunautur hefði ekki með vísvitandi eða stórvægilega gáleysislegu ólögmatu framferði valdið þeim aðgerðum sem hann reisti kröfu sína á, sbr. nánar 1. tl., og, hann hefði verið sýkn dæmdur, með óáfrýjanlegum dómi, þar sem sönnun hefði ekki tekist, enda hefði fremur mátt telja hann hafa verið líklegan til að vera sýknan en sekan, sbr. 2. tl. Í 151. gr. hafi verið kveðið á um bætur fyrir handtöku, leit, líkamsrannsóknir o.fl., ef lögmat skilyrði hefði brostið til slíkra aðgerða, sbr. 1. tl., eða ef ekki hefði verið nægilegt tilefni til aðgerðanna, eins og staðið hafi á, eða þær framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt, sbr. 2. tl. Verði ekki

fallist á framangreind lagaskil sé til vara á því byggt að um bætur fari samkvæmt lögum nr. 88/2008.

*Um sönnunargildi dóma o.fl.*

Í 1. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 sé kveðið á um að dómur í sakamáli sé bindandi um úrslit sakarefnis um þau atriði sem þar hafi verið dæmd „að efni til“. Í 4. mgr. sömu greinar sé tiltekið að dómur hafi fullt sönnunargildi „um þau málsatvik sem í honum greinir þar til það gagnstæða er sannað“. Sambærileg ákvæði hafi verið í lögum nr. 74/1974, sbr. 2. mgr. 168. gr., og þau sé einnig að finna í 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 196. gr. eldri laga nr. 85/1936. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 214/1978, sbr. dóm Sakadóms Reykjavíkur í málum nr. 544–550/1977, hafi verið fjallað ítarlega um málsatvik sem talin hafi verið skipta máli varðandi aðdraganda atvika hinn 19.–20. nóvember 1974. Teljast þau málsatvik hafa sönnunargildi í samræmi við tilvísað ákvæði 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008, sbr. lög nr. 74/1974, nema talið sé að „það gagnstæða [sé] sannað“. Í þessu sambandi ber að líta svo á að dómur Hæstaréttar í málinu nr. 521/2017 teljist bindandi „um úrslit sakarefnis“ um þau atriði sem þar eru dæmd að efni til. Í dómi réttarins hafi á hinn bóginn ekki, með vísan til kröfugerðar ákærvaldsins, verið fjallað um málsatvik, en af því leiði að dómurinn teljist ekki hafa sönnunargildi í skilningi 4. mgr. sömu greinar um þau sérstaklega. Að því er málsatvik varðar beri því að líta til fyrrnefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 214/1978, nema að því leyti sem „það gagnstæða er sannað“.

Í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sé hins vegar kveðið á um að dómari skeri úr um það, eftir mati á þeim gögnum sem fram hafa komið, hvort tiltekið atriði teljist sannað, enda bindi fyrirmæli laga hann ekki að því leyti. Af þessu leiði að í einkamáli þessu gildi almennar sönnunarreglur, þ.m.t. að því er varðar málsatvik sem hér skipta máli og við mat á því hvort sá sem saklaus hafi hlotið dóm hafi átt sök á að hann var ranglega dæmdur. Í 45. gr. laga nr. 91/1991 teljist yfirlýsing aðila fyrir dómi, sem feli í sér ráðstöfun sakarefnis, binda hendur hans eftir reglum um gildi loforða.

Sérstaklega sé áréttað að skýrsla starfshóps um Guðmundar og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, telst ekki til sönnunargagna í máli þessu. Þá verði álitum sem þar koma fram ekki jafnað til matsgerðar dómkvaddra matsmanna eða sambærilegrar sönnunar í einkamáli. Sé þá jafnframt litið til ætlaðs vanhæfis sálfræðiráðgjafa, sem þar var vísað til, sbr. nánar úrskurð endurupptökunefndar, mgr. 2231-2242. Með sama hætti verði ekki talið að úrskurður endurupptökunefndar teljist sönnunargagn að því er varðar málsatvik, sem gangi frammar dómi í máli í skilningi 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008, sbr. og 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, enda um að ræða stjórnvald en ekki dómstól.

### *Um fyrningu*

Samkvæmt 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fynast skaðabótakröfur, sem falla undir lögin, á tíu árum. Samkvæmt 5. gr. laganna hefst fyrningarfrestur er krafa varð gjaldkræf. Af hálfu stefnda sé á því byggt að kröfuliðir í stefnu, sem hafi orðið gjaldkræfir án tillits til niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017, teljist vera fyrndir. Hafi fyrningarfrestur slíkra krafna hafist í síðasta lagi er stefnandi lauk afplánun sinni hinn 30. júní 1983, eða eftir atvikum á árinu 1987, er reynslulausn lauk. Af þessum ástæðum teljast hvers konar fjárkröfur, sem raktar séu í stefnu, og tengjast ætluðum ólögætum rannsóknaraðferðum, galla á málsmeðferð, opinberum yfirlýsingum um sekt stefnanda á rannsóknartíma, ætluðum pyndingum, vanvirðandi meðferð í gæsluvarðhaldsvistinni, og aðbúnaði í gæsluvarðhaldsfangelsi, fyrndar. Ljóst væri, ef rétt reyndist, að brotið hefði verið gegn stefnanda með nefndum aðgerðum, að stefnandi hefði getað krafist bóta vegna þeirra í síðasta lagi miðað við framangreind tímamörk, er ástandi létti, óháð því hvort hann væri þá sekur talinn. Þá sé og til þess vísað að kröfur sem reistar eru á reglum mannréttinasáttmála Evrópu sérstaklega, eða öðrum alþjóðlegum skuldbindingum sem íslenska ríkið kann að hafa undirgengist, að því marki sem slíkar reglur giltu við úrlausn málsins á sínum tíma, teljast einnig fyrndar. Mannréttinasáttmáli Evrópu hafi verið leiddur í lög á árinu 1994, sbr. lög nr. 62/1994, og ber því í síðasta lagi að miða við það tímamark. Að því marki sem nefndir kröfuliðir teljast ekki fyrndir, sé þeim mótmælt sem ósönnuðum og órökstuddum. Rétt sé að benda á að þó að tilteknar aðgerðir við rannsókn sakamáls væru taldar hafa farið gegn nefndum sáttmálum, eða stjórnarskrá, sé ekki talið að það leiði til frekari bótaréttar en leiðir af lögum nr. 88/2008, eða eldri lögum um sama efni, sbr. m.a. Hrd. nr. 175/2000.

### *Nánar um kröfugerð stefnanda*

Stefndi byggir á því að í ljósi málatilbúnaðar stefnanda verði að líta svo á að réttur til bóta skerðist a.m.k. m.t.t. sjónarmiða um „eigin sök“ í samræmi við efnisreglur 246. gr. laga nr. 88/2008, ef við á. Mat á lögætti einstakra aðgerða fari hins vegar eftir lögum nr. 74/1974, enda teljast atvik, sem bótaréttur er reistur á, hafa orðið á árunum 1976 til 1985.

Óumdeilt sé að stefnandi sætti frelsissviptingu vegna gæsluvarðhaldsúrskurða frá 1976 til 1980, og vegna fangelsisdóms frá því ári til 1983, en fékk reynslulausn eftir það. Á hinn bóginn verði að meta það svo að upplýsingar, skýrslur o.þ.u.l., sem stefnandi hafi gefið við upphaf rannsóknar, einkum að því er varðar mannshvarfið í Hafnarfirði, hafi óhjákvæmilega haft talsverða þýðingu við afmörkun rannsóknaraðgerða lögreglu og sakadóms gagnvart stefnanda, a.m.k. meðan þær voru ekki dregnar til baka. Af atvikum málsins verði ekki sérstaklega ráðið að stefnandi hafi sætt óeðlilega löngum yfirheyrslum eða einangrun, umfram það sem efni stóðu til og tíðkaðist, fram til þess að hann gaf

lýsingu á atburðarás, sem lögð hafi verið til grundvallar áframhaldandi rannsókn málsins. Mátti stefnanda því vera ljóst að upplýsingagjöf hans, þegar í upphafi, kynni að styrkja rannsóknaraðila í vissu um að rannsóknaraðgerðir væru nauðsynlegar með tilliti til alvarleika málsins, og síðar dómendur um að réttir dómar væru kveðnir upp. Af framangreindu ber stefnandi halla í máli þessu. Ekki verði fram hjá því litið, hlutlægt og huglægt séð, að stefnandi teljist hafi glatað, sbr. ákvæði 150. gr. laga nr. 74/1974, eða í öllu falli takmarkað rétt sinn til bóta í skilningi 153. gr. laga nr. 74/1974, sbr. og ákvæði 2. ml. 4. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Hafi stefnandi vitað eða mátt vita að svo gæti farið. Eins og á stendur verði að líta svo á að umrædd takmörkun á bótarétti taki til allra bótaliða í stefnu, hvort sem sé vegna gæsluvarðhalds, afplánunar dóms eða meðan á reynslulausn stóð.

Við mat á því hvort og að hvaða marki aðili kann að eiga að einhverju leyti sök á því að vera ranglega dæmdur verði að líta til atvika og aðstæðna í viðkomandi tilviki. Það verði að telja hafið yfir vafa að sakfelling sakadóms hinn 19. des. 1977 hafi verið reist á því að stefnandi hafi gefið yfirlýsingar og veitt upplýsingar þegar skammt var liðið á rannsókn í jan. 1976, um að hafa verið að Hamarsbraut 11 umrætt kvöld þar sem komið hafi til átaka og mannsbani af hlotist. Hafi stefnandi ítrekað þann framburð fyrir dómi, allt þar til hann afturkallaði framburð sinn í lok sept. 1977. Verði að líta svo á að stefnandi hafi því, a.m.k. að einhverju marki, vísvitandi eða með stórfelldu gáleysi, átt hlut að máli í framangreindum skilningi 2. ml. 4. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 153. gr. laga nr. 74/1974, sem hafi áhrif til niðurfellingar eða a.m.k. lækkunar bóta. Sama gildir og að því er varðar ætlaðan bótarétt á grundvelli almennra skaðabótareglna, enda gildi þar sömu, eða sambærileg, sjónarmið, um eigin sök. Sé því andmælt að framburðir stefnanda í janúar 1976 hafi verið fengnir fram með ólögmaetum aðgerðum lögreglu eða annarra, eða stefnandi verið á einhvern hátt þvingaður til yfirlýsingagjafar. Í þessu sambandi sé þó tekið fram að ekki skal dregin dul á erfiðar aðstæður stefnanda á gæsluvarðhaldstíma og sérstaklega að lengd einangrunar hafi verið löng og afar íþyngjandi fyrir stefnanda og raunar hvern sem fyrir varð.

Af hálfu stefnda sé öllum ávirðingum gagnvart lögreglu og dómstólum, svo og ásökunum um meinta saknæma háttsemi lögreglu, ákærvalds og dómstóla, hafnað, enda ósannaðar með öllu. Sérstaklega sé mótmælt sem ósönnuðu að þágildandi fyrirkomulag um samskipti sakborninga við réttargæslumenn teljist í orsakasamhengi við framangreinda skýrslugjöf stefnanda frá jan. 1976 að telja, en ljóst er að réttargæslumenn voru að jafnaði viðstaddir skýrslugjöf fyrir dómi á þeim tíma sem hér skiptir máli.

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 10. febrúar 2020. Áður, eða hinn 29. janúar 2020, greiddi stefndi stefnanda svokallaðar sanngirnibætur að fjárhæð 204.000.000 kr. á grundvelli laga nr. 128/2019, ásamt 10.200.000 kr. í lögmannspóknun.

Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 128/2019 segir: „[M]eð frumvarpinu er lagt til að Alþingi heimili greiðslu bóta til aðila. Þeim er ætlað að bæta fyrir sama tjón og bætur sem aðilar kunna að eiga lögvarinn rétt til. Jafnframt er kveðið á um að dómstólar skuli draga verðmæti bóta, sem greiddar hafa verið, frá við ákvörðun bótafjárhæðar ef aðilar láta á reyna á rétt sinn. Af þessu má ljóst vera að frumvarpið er fyrst og fremst ívilnandi fyrir aðila máls. Réttur þeirra til að fara með kröfur sínar fyrir dóm er ekki á neinn hátt fyrir borð borinn, jafnvel þótt þeir taki við greiðslum á grundvelli laganna. Líta má á frumvarpið, ef það verður að lögum, sem heimild til að greiða bætur til aðila með sanngirnisjónarmið að leiðarljósi. Það verður svo að vera mat dómstóla, ef á reynir, hvort krafan hafi verið greidd að fullu eða að hluta. Frumvarpið er enn fremur ívilnandi að því leyti að gert er ráð fyrir bótagreiðslum á grundvelli þess óháð niðurstöðu í dómsmáli.“

Í yfirlýsingu um greiðslu bótanna frá 17. janúar 2020, segir: „Greiðslunni, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 128/2019, er ætlað að mæta mögulegu fjártjóni, hvers kyns miska og öðru tjóni sem hinn sýknaði kann að hafa orðið fyrir vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 214/1978, þ.m.t. rannsóknaraðgerða og/eða þvingunarráðstafana í aðdraganda hans. Sama á við um vaxtakröfur og hvers kyns annan kostnað. 12% af fjárhæð greiðslunnar telst vera vegna meints beins fjártjóns (meindra tapaðra vinnutekna).“ Þá segir einnig að í greiðslunni felist ekki afstaða íslenska ríkisins til mögulegra varna í slíku dómsmáli.

Með greiðslunni er verið að bæta hugsanlegt fjártjón, miska og annað tjón og um fullnaðarbætur er að ræða af hálfu stefnda. Til grundvallar greiðslunni er lagaheimild og greiðslan er innt af hendi umfram skyldu og á grundvelli sanngirnisjónarmiða eins og segir í frumvarpinu. Greiðslan bindur ekki hendur stefnanda til að fara með málið fyrir dóm svo sem hann gerir hér, og hún bindur ekki heldur hendur stefnda til að halda uppi vörnum í málinu.

## 2

Stefnandi gerir kröfur um miskabætur vegna gæsluvarðhalds og afplánunar, vegna sakfellingar, vegna ólögmeðtra rannsóknaraðferða og galla á málsmeðferð, vegna yfirlýsinga á blaðamannafundi 2. febrúar 1977 og fyrir tímabil reynslulausnar. Þá er gerð krafa vegna tekjumissis. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að hann eigi rétt til hærri bóta en hann hefur þegar þegið.

Háttsemi sú er krafist er bóta fyrir, átti sér stað á síðustu öld eða nánar tiltekið frá 23. desember 1975 er stefnandi var færður í Síðumúlafangelsið og allt til 30. júní 1983 er afplánun lauk, en þá var honum veitt reynslulausn á eftirstöðvum þriggja dóma, þar á

meðal dómi Hæstaréttar nr. 241/1978, og var sú reynslulausn skilorðsbundin í fjögur ár. Stefnandi byggir bótakröfur sínar aðallega á 246. gr. sakamálalaga nr. 88/2008, en til vara á ákvæðum eldri laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, þ.e. 150.-155. gr. Stefnandi vísar til þess að það hafi fyrst verið með dómi Hæstaréttar í máli nr. 521/2017 sem stefnandi hafi verið sýknaður og fyrr hafi ekki verið unnt að setja fram bótakröfu. Stefndi byggir hins vegar aðallega á því að um ágreining þennan fari eftir eldri lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í sakamálalögum nr. 88/2008 gilda fyrirmæli XXXIX. kafla um skaðabætur vegna atvika sem gerast eftir gildistöku laganna. Reglum eldri laga skuli beitt um bætur fyrir það sem gerist fyrir þann tíma og miðað er við 1. janúar 2009. Við ákvörðun lagaskila ber því að miða við það hvenær hinir ætluðu bótaskyldu atburðir áttu sér stað, samanber einnig Hrd. í máli nr. 496/2010 og 445/2012. Hefur því ekki þýðingu varðandi lagaskilin að miða við það hvenær sýknudómur Hæstaréttar í málinu nr. 521/2017 hafi verið kveðinn upp. Við mat á því hvort stefnandi eigi rétt til bóta ber því að leggja til grundvallar ákvæði XVIII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála en þar er kveðið á um bætur handa sökuðum mönnum.

Þær réttarreglur sem stefnandi vísar til í stefnu gefa stefnanda ekki ríkari rétt til skaðabóta en mælt er fyrir um í framangreindum ákvæðum. Þá verður eðli máls samkvæmt ekki byggt á lögum sem tóku gildi eftir að atvik málsins áttu sér stað.

### 3

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda gilda þau lög eingöngu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku þeirra laga, sem var 1. janúar 2008. Eldri fyrningarlög nr. 14/1905 gilda um kröfur sem stofnast fyrir þann tíma. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 14/1905 telst fyrningarfrestur frá þeim degi er krafan varð gjaldkræf. Samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar stofnast skaðabótakrafa þegar hin bótaskylda háttsemi átti sér stað og miðast gjalddagi kröfunnar við sama tímamark. Fyrningarfrestur skaðabótakrafna er tíu ár samkvæmt 2. mgr. 4. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905 frá því að hinn bótaskyldi atburður átti sér stað. Jafnvel þótt miðað væri við uppkvaðningu dóms Hæstaréttar í málinu nr. 214/1978 eða þegar stefnandi lauk afplánun að fullu þá eru allar hugsanlegar kröfur fyrndar. Dómur Hæstaréttar í málinu nr. 521/2017 breytir engu um það hvenær málsatvikin áttu sér stað. Þar fyrir utan er ekki í dóminum fjallað um málsatvikin, samanber hér síðar. Dómur í málinu nr. 521/2017 hefur því ekki þýðingu við mat á því hvenær upphaf fyrningarfrests atvika málsins var.

### 4

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á dómi Hæstaréttar í málinu nr. 521/2017, þar sem hann var sýknaður af 1. lið I. kafla ákæru, dags 8. desember 1976, og I. kafla ákæru, dags. 16. mars 1977, svo sem greini í dómsorði.

Í dómi Hæstaréttar var ekki tekin efnisleg afstaða til málsatvika. Helgast það af kröfugerð setts ríkissaksóknara sem krafðist sýknu í málinu, eins og segir í 2. mgr. VI. kafla dómsins: „Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist að dómfelldu verði sýknaðir af þeim sakargiftum, sem þeir voru sakfelldir fyrir í áðurnefndu hæstaréttarmáli og endurupptaka málsins tekur til. Leiðir af lögum að dómfelldu verða þegar á grundvelli kröfugerðar ákæruvaldsins sýknaðir af þessum sakargiftum eins og nánar greinir í dómsorði.“

Þar sem settur ríkissaksóknari og stefnandi kröfðust báðir sýknu fyrir Hæstarétti, eru hendur réttarins bundnar og Hæstarétt skortir lagaheimild til þess að fjalla efnislega um málið. Af þessu leiðir að Hæstiréttur hefur hvorki fjallað um málsatvikin né heldur sönnunarfærsluna eða önnur atriði í hinum fyrri dómi réttarins í málinu nr. 214/1978.

Vegna kröfugerðar ákæruvaldsins í málinu þykir rétt að benda á ummæli í greinargerð setts ríkissaksóknara til Hæstaréttar á bls. 76, sem skýra að nokkru kröfugerð hans, en þar segir: „Settur ríkissaksóknari bendir á að endurupptökunefnd telur að vísbendingar séu um að játningar Sævars Marinós, Kristjáns Viðars, Tryggva Rúnars og Alberts Klahn sem lúta að því að þeir hafi átt saknæman þátt í hvarfi Guðmundar Einarssonar annars vegar og þeir tveir fyrstnefndu, ásamt Guðjóni, í hvarfi Geirfinns Einarssonar hins vegar, hafi átt við rök að styðjast. Ætla mætti að til undantekninga heyri að svo margir einstaklingar játi ranglega aðild að atlögu að manni eða mönnum sem leitt hafi hann eða þá til dauða og einnig að vitni styðji við þær játningar. Fyrir liggur að sakfellingin í báðum þáttum málsins var fyrst og fremst studd við játningar dómfelldu sem og annan framburð hvers þeirra um sig, um þátt hinna í atlögu að mönnum þessum. Framburðir vitna styðja einnig út af fyrir sig með beinum eða óbeinum hætti við þá atburðarás sem lögð var til grundvallar sakfellingu. Á hinn bóginn hafa lík hinna horfnu manna aldrei fundist, ekkert er vitað um dánarorsök, engin ummerki fundust um átök eða mannlát á meintum brotavettvangi og engum áþreifanlegum sönnunargögnum er til að dreifa um að mönnum þessum hafi yfirhöfuð verið ráðinn bani. Þá er þess að geta að dómfelldu þeir Sævar Marinó, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar afturköllðu játningar sínar eftir að dómsmeðferð málsins hófst, sem og lykilverni í Geirfinnsmálinu, en ekki þótti mark takandi á þessum afturköllunum.“

Af þessu má ráða að kröfu ákæruvaldsins í málinu sé að rekja til þess að hlutlæg sönnunargögn skorti í málinu. Það hafa engin lík fundist og engin áþreifanleg sönnunargögn um að þeim hafi verið ráðinn bani. Þá hafi engin ummerki fundist um átök eða mannlát á ætluðum brotavettvangi. Því lágu einungis fyrir játningar og á þeim var dómur Hæstaréttar í málinu nr. 214/1978 byggður.

Samkvæmt 1. mgr. 186. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis fyrir ákærða, ákærvaldið og aðra um þau atriði sem þar eru dæmd að efni til. Samkvæmt 4. mgr. 186. gr. sömu laga hefur dómur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til það gagnstæða er sannað.

Samkvæmt dómsorði í Hæstaréttardómi í málinu nr. 521/2017 var stefnandi sýknaður af 1. lið I. kafla ákæru 8. desember 1976 og I. kafla ákæru 16. mars 1977. Er dómurinn bindandi um úrslit sakarefnis fyrir stefnanda í skilningi 1. mgr. 186. gr. um þau atriði sem þar voru dæmd að efni til. Vegna kröfugerðar setts ríkissaksóknara var ekki fjallað efnislega um málsatvik. Af því leiðir að dómurinn telst ekki hafa sönnunargildi í skilningi 4. mgr. 186. gr. um málsatvikin. Um málsatvik var hins vegar dæmt í dómi Hæstaréttar í máli nr. 214/1978 og ber því að líta til þess dóms varðandi málsatvikin, nema að því leyti sem „það gagnstæða er sannað“.

Í bótamáli þessu fer um sönnun eftir 44. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og sker dómari úr því hverju sinni eftir mati á þeim gögnum sem hafa komið fram í máli, hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð. Það hvílir á stefnanda að sanna að hann eigi rétt til bóta.

Í málalilbúnaði sínum hefur stefnandi vísað til úrskurðar endurupptökunefndar í málinu nr. 15/2015 um beiðni setts ríkissaksóknara um endurupptöku Hæstaréttarmálsins nr. 214/1978 til hagsbóta fyrir stefnanda. Er það gert til sönnunar því að stefnandi eigi rétt til bóta. Í úrskurðinum er gerð ítarleg grein fyrir málinu. Tilgangurinn með úrskurðinum var að leggja mat á það hvort uppfyllt væru þágildandi lagaskilyrði 1. mgr. 211. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 um endurupptöku málsins. Væri svo var veitt leyfi á grundvelli þágildandi 1. mgr. 215. gr. sömu laga til þess að málið væri tekið til meðferðar og dómsuppsögu að nýju í Hæstarétti. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu sinni í máli nr. 521/2017 að hvorki væru annmarkar á málsmeðferð hjá endurupptökunefnd né á mati hennar á þýðingu nýrra gagna. Hins vegar fjallaði Hæstiréttur aldrei efnislega um málsatvikin. Úrskurði endurupptökunefndar verður ekki jafnað til matsgerðar dómkvaddra matsmanna. Þá verður ekki talið að úrskurðurinn teljist sönnunargagn að því er varðar málsatvik, sem gangi frammar dómi í máli í skilningi 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008.

Þá liggur fyrir skýrsla starfshóps innanríkisráðuneytisins um Guðmundar- og Geirfinnsmál. Skýrslunnar var aflað utan réttar og skiptir ekki máli hvor aðili hafði forgöngu um skipun starfshópsins. Ekki er um matsgerð að ræða sem samin er af dómkvöddum matsmönnum og ekki verður sálfræðimatinu, sem er hluti skýrslunnar,

jafnað til álitsgerðar dómkvaddra matsmanna. Því verður ekki byggt á skýrslu þessari í málinu.

7

Bætur þær sem stefnandi hlaut að fjárhæð 204.000.000 kr. voru svokallaðar sanngirnishætur, greiddar út á grundvelli heimildar í lögum nr. 128/2019. Þótt svo hafi verið gert hamla þessar bótagreiðslur ekki rétti stefnda til að hafa uppi allar þær málsástæður til varnar frekari greiðslu, svo sem fram kemur í yfirlýsingu stefnda frá 17. janúar 2020.

Í kafla I, 1 eru raktar upphafsáðgerðir lögreglu gagnvart stefnanda vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og hugsanlegrar aðkomu stefnanda að því, en stefnandi var fyrst yfirheyrður 23. desember 1975. Skýrði stefnandi fljótlega frá atvikum og átökum er átt höfðu sér stað að Hamarsbraut 11 og með hverjum hann hefði verið. Staðfesti stefnandi framburði sína fyrir dómi allt þar til hann dró framburð sinn til baka 27. september 1977. Varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar þá er upphafi málsins lýst í kafla I, 2 hér að framan. Þar kemur m.a. fram að stefnandi kannaðist við þátt sinn í sjóferð ásamt Geirfinni og fleiri mönnum, átök sem áttu sér stað í bátnum, og að Geirfinni hefði verið pakkað inn í plast og settur inn í sendiferðabifreið. Framburði sína staðfesti stefnandi fyrir dómi í apríl 1976. Hinn 6. júlí 1977 dró hann yfirlýsingar sínar til baka. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 214/1978, um sakfellingu stefnanda, er byggður á framburðum stefnanda og játningum hans og meðákærðu hans. Hafi játningar stefnanda og þeir framburðir sem hann gaf við rannsókn málsins og fyrir dómi ekki verið sannleikanum samkvæmt, þá skiptir það í raun ekki máli varðandi rétt stefnanda til bóta. Með því að gefa rangan framburð við rannsókn máls er rannsóknin afvegaleidd, sem leiðir til lengri rannsóknartíma sem og þess að kveðinn verður upp rangur dómur. Auk þess getur það verið refsivert, samanber 142. gr. almennra hegningarlaga, að skýra rangt frá fyrir dómi og að taka á sig sök. Með vísan til framburða þeirra sem stefnandi gaf fyrir dómi hefur hann sjálfur valdið þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á. Því hefur stefnandi fyrirgert rétti sínum til bóta.

Í kafla IV, 4 hér að framan eru raktar ástæður þess að Hæstiréttur í máli nr. 521/2017 tók ekki efnislega afstöðu til málsatvika þeirra er lágu fyrir í dómi réttarins í máli nr. 214/1978. Í kafla IV, 5 hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að dómur Hæstaréttar í máli nr. 521/2017 teljist ekki hafa sönnunargildi í skilningi 4. mgr. 186. gr. sakamálagaga nr. 88/2008 um málsatvikin. Um málsatvik hafi hins vegar verið dæmt í dómi Hæstaréttar í máli nr. 214/1978 og beri því að líta til þess dóms varðandi málsatvikin, nema að því leyti sem „það gagnstæða er sannað“. Hið gagnstæða hefur ekki verið sannað. Þannig standa málsatvikin í dómi Hæstaréttar frá 214/1978 óhöggud og hefur málið ekki sætt endurmati Hæstaréttar þótt sýknudómur í máli nr. 521/2017 hafi verið kveðinn upp. Af þessu leiðir að stefnandi getur ekki átt rétt bóta, auk þess sem stefnandi hefur þegar þegið bætur að fjárhæð 204.000.000 kr. Sem, eins og áður segir,

voru ætlaðar til að mæta mögulegu fjártjóni, hvers kyns miska og öðru tjóni sem stefnandi kann að hafa orðið fyrir. Stefnandi hefur ekki sannað að hann eigi rétt á hærri greiðslu, auk þess sem fjárhæðir bótakröfu, annarra en vegna gæsluvarðhalds og afplánunar, eru í engu rökstuddar. Af þessu leiðir að stefndi er þegar af þessum ástæðum sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfileg ákveðinn 1.500.000 kr.

Stefnandi er með gjafsókn í máli þessu, samanber gjafsóknarleyfi dags. 17. september 2019. Allur kostnaður greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, svo sem greinir í dómsorði. Við ákvörðun gjafsóknarkostnaðar verður að taka tillit til þess að við greiðslu sanngirnibótanna hinn 29. janúar 2020 fékk lögmaðurinn greiddar 10.200.000 kr. í þóknun.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknað af öllum kröfum stefnanda, Kristjáns Viðars Júlíussonar.

Stefnandi greiði stefnda, íslenska ríkinu, 1.500.000 krónur í málskostnað.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, Arnars Þórs Stefánssonar, 1.500.000 krónur.

Sigrún Guðmundsdóttir (sign.)